

LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 22. september 2022.

Mál nr. 93/2022:

A

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

gegn

B

(Jónína Guðmundsdóttir lögmaður)

Lykilorð

Niðurfelling máls. Málskostnaður. Gjafsókn.

Útdráttur

Að kröfu A var mál hennar á hendur B fellt niður fyrir Landsrétti með vísan til c-liðar 1. mgr. 105. gr. og 166. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með úrskurði Landsréttar var málskostnaður felldur niður en kveðið á um að gjafsóknarkostnaður B greiddist úr ríkissjóði.

Úrskurður Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson og Þorgeir Ingi Njálsson og Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 22. febrúar 2022. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 1. febrúar 2022 í málinu nr. E-[...]/2020.
- 2 Málið var þingfest fyrir Landsrétti 23. mars 2022 og lagði stefndi fram greinargerð 7. apríl sama ár. Í þinghaldi 16. september 2022 lýsti áfrýjandi því yfir að hún félli frá áfrýjun málsins.
- 3 Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi áfrýjanda án tillits til gjafsóknar sem honum hefur verið veitt.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til c-liðar 1. mgr. 105. gr., sbr. 166. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, er málið fellt niður.
- 5 Rétt þykir að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður.
- 6 Gjafsóknarkostnaður stefnda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er fellt niður.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Jónínu Guðmundsdóttur, 750.000 krónur.